



**108. fundur Byggðaráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 27. febrúar 2024
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þröstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. 202401001 - Fjármál 2024

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir hér með á að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 300.000.000 með lokagjalddaga þann 20. mars 2039 í samræmi við skilmála lánasamnings sem liggur fyrir fundinum og byggðaráð hefur kynnt sér og er í samræmi við gildandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Byggðaráð samþykkir að til tryggingar á láninu (höfuðstól, vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum sveitarfélagsins og endurfjármögnun á afborgunum ársins hjá Lánasjóðnum og fellur ekki að kröfum reglugerðar 2021/2139 um umhverfisvænar fjárfestingar sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Birni Ingimarssyni, sveitarstjóra Múlapings, kt. 301254-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Múlapings að undirrita lánssamninga við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

2. 202402134 - Bókasöfn í Múlaþingi

Fyrir liggur erindi frá atvinnu- og menningarmálastjóra og forstöðukonum



Bókasafna Héraðsbúa, Seyðisfjarðar og Djúpavogs varðandi skóla- og almenningubókasöfn Múlaþings.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að beina fyrirliggjandi ábendingum varðandi Bókasafn Seyðisfjarðar til bygginganefndar nýs skólahúss á Seyðisfirði með ósk um umsögn.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

3. 202402164 - Aðalfundur Hitaveitu Egilsstaðar og Fella 2024

Fyrir liggur fundarboð á aðalfund HEF sem haldinn verður á Hótel Héraði föstudaginn 8. mars 2024 kl. 16:30.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð samþykkir að fulltrúar í sveitarstjórn fari með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundinum og skiptist það jafnt á þá sem mæta til fundar. Sé fulltrúi í sveitarstjórn forfallaður er viðkomandi heimilt að kalla til varafulltrúa í sinn stað, sem fer þá með atkvæði viðkomandi.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

4. 202402148 - Fundagerð stjórnar skólaskrifstofu Austurlands 2024

Fyrir liggur fundagerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands, dags. 20.02.2024.

Lagt fram til kynningar.

5. 202401207 - Fundagerðir Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum,SSKS 2024

Fyrir liggur fundagerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 20.02.2024. Einnig liggur fyrir dagskrá málþingsins Er íslensk orka til heimabruks?, sem haldið verður 15. mars 2024 á vegum Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.

Lagt fram til kynningar.

6. 202310203 - Samráðshópur um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði

Fyrir liggur fundagerð samráðshóps um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði, dags. 19.02.2024.

Lagt fram til kynningar.

7. 202401099 - Fundagerðir stjórnar HEF 2024

Fyrir liggur fundagerð stjórnar HEF veitna, dags. 20.02.2024.

Þröstur Jónsson vakti athygli á mögulegu vanhæfi sínu varðandi lið í fundagerð HEf veitna.



Formaður bar upp mögulegt vanhæfi til atkvæðagreiðslu. Fjórir greiddu atkvæði gegn vanhæfi, einn sat hjá (HP).

Lagt fram til kynningar.

8. 202401098 - Fundargerðir Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2024

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags. 09.02.2024.

Lagt fram til kynningar.

9. 202402167 - Fundagerðir stjórnar, Minjasafn Austurland 2024

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Minjasafns Austurlands, dags. 22.02.2024.

Lagt fram til kynningar.

10. 202402149 - Erindi, Sérstök ívilnun vegna námsgreina á sérstökum svæðum.

Fyrir liggur erindi frá Jóhanni Hjalta Þorsteinssyni þar sem vakin er athygli á 28.gr. laga 60/2020 um Menntasjóð námsmanna er snýst um sérstaka ívilnun vegna námsgreina á sérstökum svæðum.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð vísar fyrirbyggjandi erindi til stjórnar SSA til umjöllunar og meðferðar.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu

11. 202401065 - Bílastæðagjöld á Egilsstaðaflugvelli

Inn á fundinn undir þessum lið komu fulltrúar Isavia þau Sigrún Björk Jakobsdóttir, Ásgeir Rúnar Harðarson og Matthías Imsland og fóru yfir áform varðandi innheimtu bílastæðagjalda við flugvöllinn á Egilsstöðum. Einnig sátu fundinn undir þessum lið sveitarstjórnarfulltrúarnir Jónína Brynjólfssdóttir, Eypör Stefánsson, Guðný Lára Guðrúnardóttir.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð þakkar fulltrúum Isavia fyrir komu á fundinn og samþykkir að fela sveitarstjóra að koma á fundi byggðaráðs með innviðaráðherra varðandi fyrirhugaða innheimtu bílastæðagjalda við Egilsstaðaflugvöll.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:05

